

26. tbl.  
28. júní  
2017  
24. árg.

# Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



## Aðalfundur Skógrættarfélags Íslands

verður haldinn í Stórutjarnaskóla 25.-27. ágúst í samvinnu við Skógrættarfélag Suður Þingeyinga. Auk aðalfundarstarfa er boðið uppá rútuferðir og kynningu á skógrækt í héraði.

Allir er áhuga hafa á skógrækt eru hvattir til að mæta, nánari upplýsingar og skráning hjá Agnesi í síma 8498902.



## Forstöðumaður

Þingeyjarsveit auglýsir starf forstöðumanns laust til umsóknar. Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að húsvörslu, skipulagningu viðburða, umsýslu verkefna, þrif o.fl., við Seiglu – miðstöð sköpunar og við Félagsheimilið Breiðumýri. Starfshlutfall er 100% og gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf 1. ágúst n.k. Leitað er að einstaklingi sem:

- Býr yfir frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni.
- Er jákvæður, hefur ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hefur almenna tölvukunnáttu

Frekari upplýsingar veitir staðgengill sveitarstjóra, Gísli Sigurðsson í síma: 464 3322 eða á netfangið [gisli@thingeyjarsveit.is](mailto:gisli@thingeyjarsveit.is) og oddviti, Arnór Benónýsson síma: 661 6292 eða á netfangið [arnor@thingeyjarsveit.is](mailto:arnor@thingeyjarsveit.is) Umsókn ásamt ferilskrá og öðrum upplýsingum sem umsækjandi vill koma á framfæri skal senda á Þingeyjarsveit Kjarna, 650 Laugar eða á netfangið [gisli@thingeyjarsveit.is](mailto:gisli@thingeyjarsveit.is) eigi síðar en 10. júlí nk., merkt „Forstöðumaður – umsókn“.



# Opið hús á Þeistareykjum

Landsvirkjun býður landsmönnum að kynna sér framkvæmdir fyrirtækisins á Þeistareykjum

Bygging Þeistareykjavirkjunar verður kynnt sunnudaginn 2. júlí frá kl. 14–17. Boðið verður upp á léttar veitingar og skoðunarferðir um svæðið.

Allir velkomnir!

Landsvirkjun hefur unnið að uppbyggingu jarðvarmvirkjunar á Þeistareykjum árið saman en rannsóknir gefa til kynna að svæðið bjóði upp á mikla möguleika. Gert er ráð fyrir að bygging 90 MW virkjunar í tveimur áföngum verði fyrsta skrefið að sjálfbærri jarðvarmavinnslu á svæðinu. Framkvæmdum hefur miðað vel og er ætlað að virkjunin hefji rekstur fyrir árslok.